


ÁRSSKÝRSLA

Skólaárið 2003 - 2004



Skólaskrifstofa Austurlands



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Starfslið	4
Þjónustusvæði.....	5
Sérfræðiþjónusta	7
Starfssvið	7
Notkun þjónustunnar	7
Forvarnarstarf	9
Umsjón og þátttaka í verkefnum	9
Samstarfsfundir og heimsóknir	11
Fengur - Gegnir.....	12
Kennslugagnasafn.....	12
Endurmenntun og fræðslufundir.....	13
Ýmis verkefni.....	15
Önnur störf	15
Iðjuþjálfni.....	15
Lokaorð	16



Inngangur

Þetta er 8. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands sem tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í átta skólaár. Skrifstofan er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúpavogshreppi í suðri til Skeggjastaðahrepps í norðri. Grunnskólanemendur á svæði skrifstofunnar voru 1521 (sbr. íbúatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 2003) í 16 skólum skólaárið 2003 – 2004.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Hann sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaganna með atkvæðavægi sem hér segir:

Fjöldi íbúa	Fj. fltr.	Viðbót	Vægi atkv.
0 - 200	1		= 1
201 - 550	1	+ 1	= 2
551 - 900	1	+ 2	= 3
901 - 1250	1	+ 3	= 4
1251 - 1600	1	+ 4	= 5
1601 - 1950	1	+ 5	= 6
1951 - 2300	1	+ 6	= 7
2301 - 2650	1	+ 7	= 8
2651 - 3000	1	+ 8	= 9
3001 - 3350	1	+ 9	= 10 o.s.frv.

Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 42. og 43. grein sem fjalla um sérfræðipjónustu grunnskóla, reglugerð nr. 386/1999 um sérfræðipjónustu skóla og reglugerð nr. 905/2003 um breytingu á reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1999

Helstu verkefni skrifstofunnar eru samkvæmt samningi:

- ◆ Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðipjónusta við grunnskóla.
- ◆ Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna sbr. 54. gr. grunnskólalaga.
- ◆ Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf.
- ◆ Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra, menntamálaráðuneytis og annarra opinberra aðila.
- ◆ Launaútreikningur fyrir öll sveitarfélög á starfssvæði skrifstofunnar skv. nánari útfærslu þar um.
- ◆ Önnur mál, sem aðalfundur eða stjórn vísa til skrifstofunnar.
- ◆ Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.
- ◆ Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga.
- ◆ Ráðgjöf og sálfræðipjónusta við leikskóla sem reknir eru af aðildarsveitarfélögum.
- ◆ Annað, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína þ.e. sveitarfélögin og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðipjónustu. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.



Á þeim tíma sem skrifstofan hefur starfað hefur starfsemin verið að þróast og verkefnið tekið mið af því. Mjög mikilvægt er að þjónustan þróist í góðri samvinnu við allt skólasamfélagið.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2003 – 2004 og er sett upp með hefðbundnum hætti og skiptist í eftirtalda efnisþætti:

- Starfslið
- Þjónustusvæði
- Sérfræðiþjónusta
- Kennslugagnasafn
- Endurmenntun og fræðslufundir
- Ýmis verkefni
- Lokaorð

Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 15. október 2003 hafa setið:

		Tilvara:
Formaður:	Jósef Friðriksson Stöðvarhreppi	Marianna Jóhannsdóttir Fellahreppi
Varaformaður:	Ágústa Björnsdóttir Austur-Héraði	Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
Ritari:	Jón Halldór Guðmundsson Seyðisfirði	Sigfríður Þorsteinsdóttir Breiðdalshreppi
	Björn Heiðar Sigurbjörnsson Vopnafirði	Aðalsteinn Jónsson Norður-Hérað
	Gunnlaugur Sverrisson Fjarðabyggð	Kristjana Björnsdóttir Borgarfjarðarhr.

Á starfsárinu hélt stjórnin fimm fundi.

Starfslið

Fastráðnir starfsmenn Skólaskrifstofu Austurlands á starfsárinu voru:



- Sigurbjörn Marínósson, forstöðumaður, í 100% stöðu
 - Gíslunn Jóhannsdóttir, skrifstofumaður, í 60% stöðu
 - Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir, kennsluráðgjafi, yfirumsjón með ráðgjafarhluta sérfræðiþjónustunnar, í 90% stöðu
 - Ólafía Þórunn Stefánsdóttir, kennsluráðgjafi, í 100% stöðu
 - Aðalheiður Jónsdóttir, sálfræðingur, í 100% stöðu,
 - Sigríður Ruth Magnúsdóttir, kennsluráðgjafi, í 75% stöðu
 - Karen Júlía Sigurðardóttir, sálfræðingur í 100% stöðu, hóf störf 1. ágúst
- Auk fastráðins starfsfólks störfuðu á vegum skrifstofunnar Halldóra Baldursdóttir talmeinafræðingur á Eskifirði, sem veitti greiningu og ráðgjöf vegna talmeina, Helga M. Steinsson, námsráðgjafi og skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands, Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi og Anna María Arnfinnsdóttir námsráðgjafi veittu þjónustu á sviði námsráðgjafar og Ásdís Sigurjónsdóttir iðjuþjálfari veitti greiningu og ráðgjöf vegna hreyfifærni barna. Þá átti Skólaskrifstofan gott samstarf við Fræðslunet Austurlands og veitti Laufey Eiríksdóttir ráðgjöf til bókasafna vegna bókasafnskerfisins Fengs.

Öllum þessum aðilum og þeim öðrum sem komið hafa að einstökum verkefnum á vegum skrifstofunnar eru þökkun vel unnin störf.




Þjónustusvæði

Á þjónustusvæði skrifstofunnar voru 9.739 íbúar 1. desember 1995. Af þeim voru 1.675 á grunnskólaaldri eða 17,20% af íbúafjöldanum. Þann 1. desember 2003 voru íbúar á svæðinu 9585 og grunnskólanemendur 1521. Þess ber að gæta að Djúpvogshreppur fékk aðild að Skólaskrifstofunni um síðustu áramót.





Íbúa- og nemendafjöldi 1998-2003





Sérfræðipjónusta

Starfssvið

Starfsemi sérfræðipjónustunnar byggir á grunnskólalögum og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla. Leikskólar fá einnig ráðgjöf og sálfræðipjónustu frá sérfræðipjónustunni. Þjónustan felst í sálfræðiráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, almennri kennsluráðgjöf og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað mál. Skólaskrifstofan hefur fyrir utan fast starfslíð aðgang að ráðgjöf hjá iðjuþjálfra, talmeinafræðingi og námsráðgjafa.

Notkun þjónustunnar

Unnið er eftir tilvísunarbeiðnum. Tilvísanir sem bárust til skrifstofunnar á síðastliðnu skólaári nálgast það að vera 500 (488 mál eru skráð í grunnskólanum) og er það mikil fjölgun frá fyrra ári. Þar vegur þyngst aukin áhersla á forvarnarstarf bæði í leik- og grunnskólum. Nokkur fjöldi mála flytjast yfir á næsta skólaár á hverju vori og eru þau um 100 talsins í ár (voru u.þ.b. 65 í fyrra). Mörg þessara verkefna eru í vinnslu og halda áfram á næsta skólaári, en hluti verkefnanna eru í bið (u.þ.b. 38 mál).

Á bls. 7 sést skipting sérfræðipjónustunnar í grófum dráttum. Starfshlutfall kennsluráðgjafa var aukið á síðasta ári m.a. vegna þess að á skólaárinu bættist Djúpvogur í hóp þeirra sem þjónustunnar njóta. Þessar tölur eru byggðar á þeim tilvísunum sem berast skrifstofunni. Sérfræðingar skrifstofunnar sinna auk þess fjölmörgum málum sem ekki koma fram í þessum tölum, s.s. sitja teymisfundi vegna einstakra nemenda, fundi í nemendaverndarráðum o.s.frv.


Talmeinafræðingur sinnti greiningu og ráðgjöf í alls 40 málum í leik- og grunnskólum og til iðjuþjálfra fóru 10 tilvísanir. Iðjuþjálfri fór í barnseignarleyfi í mars og biðna nokkrar tilvísanir því að hann snúi aftur til starfa.

Námsráðgjöf var veitt í meira mæli en áður. 6 skólar fengu heimsókn námsráðgjafa. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra.


Skólaskrifstofan hefur einungis leyfi fyrir einu og hálfu starfi sálfræðings. Félagsþjónustunni á svæðinu var boðið að kaupa þjónustu af skrifstofunni haustið 2003. Félagsþjónusta Fjarðabyggðar var eina félagsþjónustan á svæðinu sem nýtti sér tilboðið og var gerður samningur um hálf t starf sálfræðings frá áramótum 2003-2004 og skipta sálfræðingarnir því á milli sín.



Sérfræðimál 1996-2004



Skipting sérfræðipjónustu 2003-2004





Forvarnarstarf

Skólaskrifstofan leggur áherslu á forvarnarstarf sem forgangsmál bæði í starfi kennsluráðgjafa og sálfræðinga. Snemmtæk íhlutun, þar sem gripíð er til aðgerða strax þegar vanda verður vart hjá nemendum, getur oft komið í veg fyrir erfið vandamál síðar meir. Góð og skjót greining og ráðgjöf í heimabyggð er lykilatriði í þessu sambandi. Því miður er nokkuð langur biðlisti hjá sálfræðingum Skólaskrifstofunnar, en áhersla er lögð á að sinna sem fyrst beiðnum um sálfræðiaðstoð sem berast frá leikskólum.

Forvarnarstarf er orðinn nokkuð stór hluti af þjónustu kennsluráðgjafa. Rannsóknir sýna að lestur og mál eru samofin og að málþroski skiptir miklu máli fyrir lestur. Undirbúningur lestrarnáms hefst strax í leikskóla. Það skiptir máli að vera meðvitaður um grunnfærniþætti lestrarnáms strax í byrjun skólagöngunnar og byrja þjálfun við hæfi hvers og eins. Eftirfarandi skimunarpróf eru lögð fyrir nemendur í öllum leik- og grunnskólum á okkar svæði.

Leikskóli:

Skimunarprófið **HLJÓM-2** lagt er fyrir elstu nemendurnar í leikskólum að hausti og aftur í febrúar. HLJÓM-2 er könnun á mál- og hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Ef leikskólakennarar hafa ekki leyfi (próf) til að leggja HLJÓM-2 fyrir, gerir kennsluráðgjafi það. Skólaskrifstofan fær að fylgjast með frammistöðu nemenda og leggur fyrir nemendur málþroskaþróf ef niðurstaðan er slök.

Grunnskóli:

LÆSI-lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Skólaskrifstofan fylgist með frammistöðu nemenda og leggur til greiningu og ráðgjöf, ef þörf krefur, í framhaldi af því.

GRP 14 (greinandi lestrar- og stafsetningarpróf) er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk. Ef fram koma vísbendingar um lestrarörðugleika (umskráningarörðugleika) þá er nemendum boðið upp á einstaklingsgreiningu. Nemendur hafa þá fengið staðfestingu á lestrarerfiðleikum sínum og geta fengið ýmsan stuðning þegar í framhaldsskóla kemur.

Stærðfræðiskimun fer fram í 3. og 6. bekk í flestum skólum og kennsluráðgjafar aðstoða skóla í framhaldi af henni.

Umsjón og þátttaka í verkefnum.

Skólafærninámskeið var haldið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk í Nesskóla. Námskeiðið var haldið að frumkvæði Nesskóla og stóð yfir frá kl. 18:00-22:00 þriðju kvöld í septembermánuði. Fjallað var um fjölmarga þætti skólastarfsins. Ráðgjafar skólaskrifstofunnar fjölluðu um hin ýmsu málefni s.s. lestur og lestrarþróun, samskipti foreldra og barna og um þroskafrávik.

Sálfræðingur skrifstofunnar situr í Greiningarteymi Austurlands. Hann heldur utan um beiðnir sem berast teyminu og fer yfir þær í samráði við þroskaþjálfara teymisins. Í teyminu fer fram þverfagleg vinna og fylgir því nokkur fjöldi funda.



Fært fólk

Mörg ný störf hafa orðið til vegna skipulagsbreytinga innan skólastofnana. Þessi störf eru t.d. stuðningsfulltrúar, skólaliðar, starfsfólk skóladagheimila o.fl. Þetta er fólk hefur ekki hlotið ákveðna fagmenntun tengda starfi sínu. Skólaskrifstofan tók þátt í því að koma á laggirnar námi fyrir þennan hóp í samvinnu við Fræðslunet Austurlands, Verkmenntaskóla Austurlands, sveitarfélög og fleiri aðila. Forstöðumaður og allir ráðgjafar skrifstofunnar komu að því námi, samtals í 70 kennslustundir en námið var alls 182 kennslustundir. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru 27 og starfa allir við stofnanir á Austurlandi. Kennsla fór að mestu fram í gegnum myndfundabúnað til 5 staða á Austurlandi sem tengdir eru FS netinu, en auk þess komu nemendur 4 sinnum saman á tímabilinu.



Þátttakendur voru 36 og komu frá 14 grunn- og leikskólum á Austurlandi frá Hornafirði til Héraðs. Engin námskrá var til fyrir þetta nám þegar það hófst en mikil þörf var að koma því á. Nú hefur Menntamálaráðuneytið sett námskrá fyrir þetta nám. Námið var metið til 16 eininga í framhalskóla og nýtist m.a. inn á nýja braut innan framhaldsskólans fyrir leiðbeinendur í leikskólum, skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum og inn á félagsliðabraut.

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir hafði umsjón með þróunarverkefninu “Einstaklingsmiðað lestrarnám barna” í 1. bekk í Nesskóla. Björg Þorvaldsdóttir var verkefnisstjóri og umsjónarkennari var Eva Sýbilla Guðmundsdóttir. Markmið verkefnisins var að lestrarnámið byggði á forsendum hvers og eins. Jafnframt var tilgangurinn að vinna markvisst með foreldrum. Í byrjun var skoðuð staða hvers og eins nemanda, kennsluráðgjafi lagði fyrir stytta útgáfu af málþroskaprófi og sérkennari skoðaði hljóðkerfisfærni og stafakunnáttu. Á fyrri önn var unnið með hljóðkerfisfærni og málörvun í litlum hópum. Á seinni önn (eftir áramót) var unnið eftir ákveðinni lestrarkennsluáðferð „Literacy strategy” sem útleiggst *lestrarstund* á íslensku. Þar er unnið með kórlestur (allur hópurinn), stýrðan lestur, orðavinnu og stýrða ritun í litlum hópum (3-5 nemendur). Árangurinn sem náðist var mjög góður. Hægt er að kaupa skýrslu um verkefnið hjá Skólaskrifstofunni og í Nesskóla.

Ólafía Stefánsdóttir sat á vegum Skólaskrifstofu Austurlands í þverfaglegum hópi sem hefur unnið að því að kanna félagsleg tengsl fatlaðra nemenda innan skólanna. Í hópnum sátu einnig fulltrúi grunnskólanna, fulltrúi frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi, fulltrúi frá félagsþjónustunni, fulltrúar foreldra og fulltrúi Þroskahjálpar.

Nokkrir skólar á starfssvæði skrifstofunnar tóku þátt í verkefninu *Unglingurinn á landsbyggðinni*, sem er verkefni sem stofnað var til af frumkvæði samtakanna *Landsbyggðin lifir*. Verkefnið var lagt upp sem samstarfsverkefni samtakanna og skólanna. Ruth Magnúsdóttir kennsluráðgjafi var tengiliður skólanna við stýrihóp verkefnisins.



Danskur gestakennari Winnie Geertsen var hér á Austurlandi frá byrjun janúar og til skólaloka. Þetta er samstarfsverkefni danska og íslenska ríkisins en Kennaraháskóli Íslands sér um framkvæmdina hér á landi. Danir leggja til laun kennarans en sveitarfélögin sjá um húsnæðið. Samgöngur hér á Austurlandi eru þannig að ekki er hægt að vera án bíls þegar kennt er t.d. í tveimur skólum á sama tíma. Sveitarfélögin hér á Austurlandi lögðu ekki einungis fram húsnæðið heldur leigðu bíl, sem hún hafði til umráða meðan á dvöl hennar stóð. Hún kom að kennslu í Austurbyggð, Fjarðabyggð, Seyðisfirði og

Fellabæ. Kennarar voru almennt mjög ánægðir með samstarfið við hana. Winnie var mjög ánægð með dvöl sína hér á Austurlandi og saknar hins austfirska umhverfis mjög. Steinunn L. Aðalsteinsdóttir kennsluráðgjafi sá um skipulagningu á dvöl hennar og samskiptin við Kennaraháskólann vegna komu hennar.

Í ár tóku skólar á starfssvæði Skólaskrifstofu Austurlands þátt í Stóru upplestrarkeppninni í þriðja sinn. Þátttaka var mjög almenn og góð og voru allir skólar svæðisins með að þessu sinni. Skólaskrifstofan hafði umsjón með skipulagningu og framkvæmd Stóru upplestrarkeppinnar á starfssvæði skrifstofunnar. Í því fólst m.a. skipulagning fræðslufundar fyrir kennara, formennska í héraðsnefnd keppinnar, samskipti við framkvæmdarnefnd keppinnar og skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum sem fóru fram á Vopnafirði 16. mars og á Fáskrúðsfirði 17. mars. Skýrsla var skilað til framkvæmdarnefndar um skipulag og framkvæmd keppinnar á Austurlandi. Umsjón á vegum Skólaskrifstofunnar hafði Ruth Magnúsdóttir, kennsluráðgjafi.

Í árslok 2003 óskaði sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps eftir því við Skólaskrifstofu Austurlands að hún annaðist úttekt á skólastarfi í Bakkafjarðarskóla. Úttektin var unnin í janúar og febrúar. Skýrsla var gefin út og kynnt foreldrum og sveitarstjórnarmönnum.

Sigríður Þórisdóttir sérkennari, Sólveig Helga Jónasdóttir myndlistarkona og Margrét Ákadóttir leikari héldu tvö námskeið fyrir nemendur með námsörðugleika á Eiðum í júlí og ágúst. Yfirskrift námskeiðsins var „Listatengt námskeið fyrir börn á grunnskólaaldri sem átt hafa við einhverja námsörðugleika að stríða“. Markmiðið var að styrkja sjálfsmynd nemendanna. Námskeiðið byggði á leiklist og myndlist sem tengt var austfirskum ævintýrum. Kennsluráðgjafar aðstoðuðu við að velja nemendur á námskeiðið. Námskeiðið var alfarið kostað af námskeiðshöldurum.

Samstarfsfundir og heimsóknir.

Töluvert samstarf er við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, við Greiningastöð ríkisins og Barna- og unglíngageðdeild Landsspítala- háskólasjúkrahúss, auk samstarfs við félagsmálastjóra og fjölskylduráðgjafa sveitarfélaganna.

Leikskólasérkennarar heimsóttu Skólaskrifstofunna en þeir héldu þing sitt á Austurlandi.

Á starfsárinu komu nokkrir aðilar í heimsókn til að fræðast um starfssemi skrifstofunnar eða óskuðu eftir upplýsingum.



Fengur - Gegnir

Frá árinu 1997 þegar samningur Skólaskrifstofu Austurlands við Skýrr hf. var undirritaðir um bókasafnakerfið Feng, hefur Skólaskrifstofan verið grunnsafn í safnheildinni á Austurland og séð um öll samskipti sem átt hafa sér stað á milli Skýrr hf, sem hýsir kerfið, og safnanna á Austurlandi. Þjónustan hefur aðallega falist í ráðgjöf og umsjón með bókasafnskerfinu, bæði fyrir skóla- og almenningsöfn á svæði Skólaskrifstofunnar. Í upphafi skólaársins hætti Laufey Eiríksdóttir skólasafnafulltrúi sem starfsmaður Skólaskrifstofunnar, en hélt áfram svipaðri þjónustu í verktöku fyrir Skólaskrifstofuna sem starfsmaður Fræðslunets Austurlands. Sú þjónusta fólst m.a. í að veita starfsmönnum aðildarsafna upplýsingar sem snertu útlánin s.s. vanskil, útlánatölur, lista yfir lánþega, reglur um lánstíma o.fl sem sent er í gegnum skólasafnafulltrúa. Þá fólst þjónustan einnig í að úthluta og panta strikamerki og lánþegaskírteini fyrir öll söfnin.

Samskipti fóru að mestu leyti fram með tölvupósti til einstakra safna og í gegnum póstlistann fengaust@ismennt.is
Þá var nokkuð um frumskráningar.

Þann 5. apríl opnaði nýtt landskerfi bókasafna, Gegnir síðan formlega. Þar með er hlutverki Fengs lokið. Í upphafi hafa komið upp margvísleg vandamál, eins og búast mátti við, en smátt og smátt hafa þeir agnúar verið sniðnir af. Það er von okkar að nýja kerfið muni gagnast íbúum Austurlands vel til framtíðar.

Kennslugagnasafn

Hlutverk kennslugagnasafnsins er m.a. að fylgjast með nýjungum og afla gagna um þær. Kennsluráðgjafar kynna síðan þær nýjungar fyrir kennurum. Námsefni útgefið af Námsgagnastofnun eru sent til safnsins auk þess sem safnið er útibú fræðslumyndasafns Námsgagnastofnunar. Safnið reynir enn fremur að byggja upp fræðibókasafn á sviði uppeldis og kennslufræða.

Uppbygging safnkosts.

Safnkosturinn telur samtals 5216 eintök og skiptist þannig:

Bækur -	3208
Myndbönd -	1501
Hljóðrit	216
Önnur nýsigögn	265
Tímarit (titlar)	26

Útlán

Eftir því sem fleiri hafa aðgang að skráum safnsins í gegnum Feng, hafa útlánin aukist. Þar má nefna að talsvert er lánað af efni safnsins til fólks í fjarnámi, t.d. í kennslu- og leikskólafræðum.

Útlánin á skólaárinu voru samtals 1938.



Endurmenntun og fræðslufundir

Samkvæmt grunnskólalögum bera skólastjórar ábyrgð á að gera endurmenntunaráætlun fyrir sína skóla. Á okkar svæði hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðin hefur verið mjög góð. Brynt er að halda áfram á svipaðri braut í endurmenntunarmálum þ.e. að hafa sameiginleg sumarnámskeið þó svo að einstakir skólar hafi styttri námskeið og fræðslufundi inni í skólunum á skólatíma. Þá er nauðsynlegt að skólarnir geri endurmenntunaráætlanir og sendi til Skólaskrifstofunnar til að starfsfólk skrifstofunnar geti unnið að samræmingu í samvinnu við viðkomandi skóla með það að leiðarljósi að fá sem mesta og fjölbreyttasta endurmenntun heim í hérað.

Menntamálaráðuneytið auglýsti styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til endurmenntunar í desember með umsóknarfresti til 31. janúar. Alls bárust umsóknir frá 64 aðilum til 175 verkefna og var samanlögð upphæð þeirra ríflega 50 milljónir króna. Til úthlutunar voru um 22 milljónir króna.

Við mat á umsóknum var tekið mið af því hver þörfin var á hverjum stað, forgangsroðun skólaskrifstofa í verkefnavali, fjölda kennara og fagmennsku og gæða verkefna.

Tillaga sjóðstjórnar fyrir árið 2004 var á þá leið að veittur verði styrkur til 132 verkefna samkvæmt umsóknum fyrir samtals kr. 18.200.000.-. Stjórn sjóðsins ákvað auk þess að leggja til að veittur yrði 3ja milljón króna styrkur til verkefnis Olweusar gegn einelti.

Skólaskrifstofa Austurlands sótti um styrki að upphæð kr. 2.629.000,- í níu verkefni og hlaut styrki í sjö, samtals kr. 909.000,-

Skólaskrifstofan hafði samstarf við Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Skólastjórafélag Austurlands og fleiri aðila um framkvæmd námskeiðanna.

Á starfsárinu kom skrifstofan m.a. að eftirfarandi fræðslufundum og námskeiðum ýmist ein eða í samstarfi við aðra:

Námskeið styrkt úr endurmenntunarsjóði grunnskóla:

Smíðar – málmsmíði

Tími: 3. og 4. júní 2004

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum.

Leiðbeinandi: Sveinn Alfreðsson

Vinna með fjölbreyttar þarfir einstaklinga

Tími: 14. og 15. júní 2004

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum.

Leiðbeinandi: Hafdís Guðjónsdóttir, lektor KHÍ

Atferli og hegðun

Tími: 18. júní 2004

Staður: Fellaskóli

Leiðbeinandi: Kristín Guðmundsdóttir, atferlisfræðingur

Stærðfræði

Tími: 9. og 10. ágúst 2004

Staður: Fellaskóli

Leiðbeinandi: Jónína Vala Kristinsdóttir.

Áfallahjálp

Tími: 11. ágúst 2004

Staður: Safnaðarheimilið á Reyðarfirði.

Leiðbeinandi: Aðalheiður Jónsdóttir, sálfræðingur

Heimilisfræði

Tími: 12. og 13. ágúst 2004

Staður: Grunnskóla Eskifjarðar.

Leiðbeinandi: Stefanía Stefánsdóttir

Líffræði og eðlisfræði

Tími: 27. 28. og 29. ágúst á Héraði

Leiðbeinendur: Ólafur Guðmundsson og Helgi Hallgrímsson



Leiðtoganámskeið fyrir skólastjórnendur, annar og þriðji hluti af þremur, tveir dagar í hvort skipti.

Þessi námskeið sóttu 130 þátttakendur.

Ráðgjafar skólaskrifstofunnar héldu fræðslufundi og námskeið um hin ýmsu málefni s.s.:

Leikskólar:

Fyrirlestur um lestrarþróun á vegum foreldrafélags.

Grunnskólar:

- Skólafærinámsskeið fyrir foreldra.
- Altækt námsmat fyrir kennara.
- Söguaðferðin fyrir kennara í samvinnu við Björgu Eiríksdóttur
- Samskiptamótun og hlutverk foreldra í að byggja upp jákvæð samskipti, fyrir foreldra.
- Móttaka nýrra nemenda, fyrir kennara.

Aðrir:

- Fært fólk, nám fyrir ófaglært starfsfólk grunnskóla, skólalagheimila og félagsmiðstöðva.

Að venju sóttu starfsmenn skrifstofunnar ýmiss konar námskeið, ráðstefnur og fræðslufundi s.s. námskeið um:

Einstaklingsmiðað nám, lestur og ritun, gagnkvæma handleiðslu, liðsheild og leiðtoga, atferli og heðgun, markvissa kennsluhætti, vímuefnaneyslu ungs fólks og félagsfærni hópa.

Þing, ársfundir og aðrir fundir sem starfsfólk skólaskrifstofunnar sótti voru m.a.

- Málþing KHÍ um rannsóknir, nýbreytni og þróun.
- Vorfundur Grunns á Ísafirði.
- Fundur á Egilsstöðum með stýrihópi, Norðursvæðisverkefni um skóla- og félagsþjónustu.
- Vorfundur Skólastjórafélags Austurlands, haldinn á Hornafirði.
- Vorfundur Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins.
- Haustþing KSA á Djúpavogi.
- Árangursrík samskipti ráðstefna um þróun samstarfs kennara og foreldra haldin í Háskólanum á Akureyri.



Ýmis verkefni

Varðskipsferðir

Á skólaárinu bauð Landhelgisgæslan nemendum 10. bekkja að sækja um kynnisferð með varðskipum og kynnast störfum þar um borð. Hver ferð stendur í 14 – 18 daga. Að vanda var mikill áhugi fyrir hendi. Þessar ferðir hafa verið vinsælar í gegnum árin og hefur Landhelgisgæslan borið nemendum frá Austurlandi sérstaklega gott orð fyrir góða frammistöðu í ferðunum.

Launaútreikningar

Skrifstofan hefur séð um allan launaútreikning og launavinnslu fyrir þrjá aðila á svæðinu. Í tengslum við launavinnslu hafa verið gefnar margþættar upplýsingar jafnt til launagreiðenda, kennara og skólástjóra. Þessi upplýsingagjöf er umtalsverð og mest á haustin þegar skólar eru að hefjast og þegar breytingar eiga sér stað hjá starfsfólki.

Ráðgjöf í deilumálum o.fl.

Málefni þar sem ágreiningur og deilur verða, koma æ oftast upp í tengslum við störf í grunnskólum á seinni árum. Eingöngu er sinnt ráðgjöf í deilumálum af hálfu skrifstofunnar. Á árinu komu nokkur deilu- og álitamál inn á borð skrifstofunnar og tókst að leysa þau öll án þess að leita þyrfti eftir úrskurðum. Í slíkum málum liggur oft mikil vinna enda mikilvægt að ná samkomulagi ef þess er kostur hvort sem um er að ræða álita- eða deilumál. Málin koma ýmist frá skólum, foreldrum eða skólanefndum.

Fræðsla, upplýsingar o.fl.

Fræðsla og upplýsingagjöf til ýmissa aðila er talsvert fyrirferðar mikil. Þá hefur skrifstofan oft milligöngu um að útvega gögn og eyðublöð sem dreift er til skóla og sveitarfélaga, sem er til mikils hægðarauka fyrir þá aðila sem annars þyrftu að sækja slík gögn annað, oft með mjög stuttum fyrirvara.

Önnur störf

Á skólaárinu eins og fyrri ár hafa forstöðumenn skólaskrifstofa haft með sér nokkuð samstarf og hafa hist á fundum. Á fundunum hafa forstöðumenn borið saman bækur sínar og fjallað um einstök sameiginleg mál.

Grunnur samtök grunnskólafulltrúa, forstöðumanna og sviðstjóra skólaskrifstofa hefur starfað formlega að málefnum skólaskrifstofa. Vörþing Grunns var síðan haldið á Ísafirði í maí 2004.

Iðjuþjálfí

Skólaskrifstofan ásamt Heilbrigðisstofnun Austurlands, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi og Lífeyrissjóður Austurlands hafa haft samstarf um þjónustu iðjuþjálfna á Austurlandi. Ásdís Sigurjónsdóttir, iðjuþjálfí er ráðin til starfsins. Hlutur Skólaskrifstofunnar beinist einkum að börnum í leikskólum en grunnskólabörn fá einnig þjónustu iðjuþjálfna gerist þess þörf.



Lokaorð

Að framan hefur verið getið helstu atriða í starfsemi Skólaskrifstofu Austurlands á skólaárinu 2003-2004. Nokkur reynsla er komin á starfsemina en hún er samt sífellt að þróast og dýrmætur reynslusjóður að myndast. Innan stofnunarinnar er sífellt verið að leita leiða til að svara kalli tímans, og taka mið af skólasamfélögum og þörfum þeirra.

Á þessu starfsári hefur verkefnum enn verið að fjölga og eru óvenju mörg. Skýrist það m.a. af aukinni áherslu á forvarnarstarf á yngri stigum sem er orðinn fastur liður í þjónustunni. Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta við leikskóla mun aukast enn frekar í framtíðinni enda nauðsynlegt vegna aukinnar samfellu og samvinnu leik- og grunnskóla og leikskólans sem fyrsta skólastigs. Talþjálfun er mikilvægur og vaxandi þáttur í þjónustu við leikskólabörn og mikilvægt að sveitarfélög hugi að því að tryggja hana í fjórðungnum. Fyrir nemendur sem þarfnast talþjálfunar í lengri tíma eru fá eða engin úrræði ef horft er til þjónustu svæðisins í heild. Það getur reynst fjölskyldum bæði erfitt og kostnaðarsamt að þurfa að leita eftir þeirri þjónustu út fyrir svæðið.

Auknar kröfur skólasamfélagsins um góða þjónustu skóla og sveitarfélaga kalla á fagleg vinnubrögð og rétta málsmeðferð í skóla- og réttindamálum nemenda, foreldra og kennara. Skólaskrifstofan leggur áherslu á trausta ráðgjöf til þeirra sem til hennar leita. Starfsmenn leggja aukið vægi á þverfaglega samvinnu til undirbúningsráðgjöf.

Eins og fyrri ár er lögð áhersla á framboð fræðslu og endurmenntunar. Þátttaka kennara og skólastjórnenda á endurmenntunarnámskeiðum á Austurlandi hefur verið mjög góð. Nú í ár voru námskeiðin enn fjölbreytilegri. Viðamikil námskeið fyrir sérgreinakennara eru hlutfallslega kostnaðarsöm vegna þess hversu fáir þeir eru, en reynt hefur verið að koma til móts við þarfir þessa hóps engu að síður. Nokkuð hefur verið um að sérgreinakennarar hafa myndað fomlegt samstarf sín á milli innan starfssvæðis Skólaskrifstofunnar og hafa þá haft hönd í bagga með skipulagningu endurmenntunar. Skólaskrifstofan lítur þessa þróun mjög jákvæðum augum og sem lið í að styrkja faglegt samstarf.

Skólaskrifstofan leggur áherslu á gildi forvarnarstafs og hefur lagt sitt af mörkum til þess að styrkja samstarf heimila og skóla meðal annars með fræðslu á foreldrafundum og þátttöku í teymum þar sem sitja foreldrar einstakra nemenda, kennarar og ráðgjafar. Reynslan sýnir að þetta fyrirkomulag styrkir samvinnu aðila um erfið mál og stuðlar að virku og góðu upplýsingastreymi og betri þjónustu.

Skrifstofan hefur verið vel mönnuð af samstilltu starfsfólki sem leggur sig mjög fram og býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á aðstæðum og málefnum. Það er mjög ánægjulegt hversu vel hefur tekist til að fá gott og hæft starfsfólk til starfa við skólaþjónustuna undanfarið.

Að lokum þakkar undirritaður fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands öllum samstarfsaðilum ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári með ósk um að í framtíðinni megi það dafna vel og styrkjast.

Reyðarfirði í október 2004.

Sigurbjörn Marinósson